

Egilsstöðum 23. 12. 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.


Umsögn Félags yfirlögregluþjóna, FY, um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996, þingskjal 500 – 372. mál.

Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn 1986 í tengslum við gerð kjarasamnings fyrir lögreglumenn en sú niðurstaða var „þvinguð“ fram af hálfu ríkisins. Í sárabætur var gerð bókun um samningsréttarmál hvar tryggja átti að lögreglumenn fengju meðal-hækkun valinna hópa ef á þá hallaði. Í framhaldinu var þetta kallaður „viðmiðunar-samningur“ þar sem miðað skyldi við launabreytingar hjá BSRB, BHMR, SÍB og BK. Það var Hagstofa Íslands sem átti að reikna út launabreytingar á 6 mánaða fresti.

Skemmst er frá að segja að þessi framkvæmd gekk illa eftir og nokkrum sinnum þurftu samtök lögreglumanna, LL, að beita sér fyrir því að viðkomandi útreikningar yrðu framkvæmdir. Árið 1993 var gerð tilraun til að bæta úr þessu með nýrri bókun, sem tókst að hluta. Við gerð kjarasamnings lögreglumanna árið 2001 voru lögreglumenn undir miklum þrýstingi viðsemjenda sinna um að láta af hendi framangreindan „viðmiðunarsamning“ svo miklum að það var úrslitaatriði hjá samninganefnd ríkisins að hann færi út, til að skrifað yrði undir nýjan kjarasamning. Þá var gerð ný bókun um fyrirkomulag við skoðun á því hvort hallað hafi á lögreglumenn kjaralega séð og til varð ákvæði um gerðardóm. Segja má að það fyrirkomulag sem komið var á þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn hafi aldrei almennilega gengið eftir. Verkfallsréttur til handa lögreglumönnum er því sanngirnismál og í raun er hann ? um mannréttindi.

Stjórn FY er fylgjandi tillögunni á þingskjali 500 – 372. mál og vill að þessar breytingar á lögreglugögum nái fram að ganga.

F.h. FY



Óskar Bjartmarz
formaður